



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heilbrigðisráðuneytið Skrifstofa heilsueflingar og vísinda

Reykjavík, 31. janúar 2021

Efni: Umsögn vegna áforma um að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta), mál nr. 15/2021

Hinn 19. janúar 2021 birtist í Samráðsgátt stjórnvalda áform heilbrigðisráðuneytis um lagasetningu. Er þar tekið fram að á þingmálaskrá heilbrigðisráðherra fyrir 151. löggjafarþing 2020-2021 sé áætlað að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 til að heimila vörslur takmarkaðs magns ávana- og fíkniefna.

Með áformunum fylgir skjal, svokallað frummat, en þar kemur fram að á 150. löggjafarþingi hafi verið lagt fram þingmannafrumvarp þess efnis að heimila vörslur ávana- og fíkniefna í takmörkuðu magni sem teljast geti til eigin nota þess sem hafi það undir höndum. Frumvarpið hafi ekki verið afgreitt, en í kjölfarið hafi farið af stað vinna innan heilbrigðisráðuneytisins vegna málsins þar sem höfð hafi verið hliðsjón af efni fyrrgreinds þingmannafrumvarps og þeim athugasemdum sem hafi borist vegna þess við þinglega meðferð. Þá segir að nú þegar hafi samráð verið haft við þingmann og fulltrúa Pírata vegna fyrrgreinds lagafrumvarps og jafnframt fyrirhugað að birta drög að frumvarpi til samráðs í Samráðsgátt stjórnvalda. Jafnframt kemur fram að möguleg skörun sé við dómsmálaráðuneytið vegna málefna ríkissaksóknara og lögreglu sem framfylgi lögum um ávana- og fíkniefni.

Í skjalinu er jafnframt að finna áform um helstu breytingar á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 sem fyrirhugaðar eru og eru þær eftirfarandi:

- Varsla á neysluskömmtum verði ekki refsiverð.
- Ráðherra sé gert með reglugerð að kveða á um hvaða magn ávana- og fíkniefna og ávana- og fíknilyfja teljist til eigin nota miðað við neysluskammta.
- Heimild lögreglu til upptöku efna nái ekki til þeirra efna sem séu í vörslu einstaklinga yfir 18 ára aldri þegar magn efnanna er innan þess sem talist getur til eigin nota.

Enn fremur kemur fram í skjalinu að ekki hafi verið gerð verkefnisáætlun. Þá segir að áætlað sé að frumvarpið taki þegar gildi og ekki gert ráð fyrir að þeir sem verði fyrir áhrifum löggjafar þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar. Þær forsendur sem þurfi að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur sé fækkun á fjölda sakamála vegna minniháttar fíkniefnabrota og að mælikvarði á árangur og útkomu sé fækkun á sektum/dómum vegna minni fíkniefnabrota. Jafnframt hafi ekki verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur.

Skjalið ber með sér að takmörkuð vinna hafi farið fram til undirbúnings þessa viðamikla verkefnis sem lýtur ekki einungis að breytingum á lögum. Í Noregi hefur til dæmis farið fram gríðarlega

umfangsmikil stefnumótunarvinna í tengslum endurskoðun á málefnum sem varða ávana- og fíkniefni þar í landi. Hinn 23. mars 2018 var til að mynda komið á fót tíu manna nefnd sem hafði með höndum það verkefni að yfirfara löggjöf og móta stefnu í þessum efnun. Nefndin skilaði skýrslu¹ til heilbrigðisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis 19. desember 2019 og telur skýrslan rúmlega 400 blaðsíður. Nefndin samanstóð af þverfaglegum hópi sérfræðinga og haft var samráð við fjölda stofnana, samtaka og annarra hagsmunaaðila á meðan á þessari vinnu nefndarinnar stóð. Í skýrslunni er meðal annars að finna tillögur að lagabreytingum á hinum ýmsu lagabálkum en í Noregi eru ekki í gildi heildstæð lög sambærileg lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni. Meirihluti nefndarinnar leggur til að vörslur neysluskammta verði ekki lengur refsiverðar en þó verði lögreglu, sem endranær, heimilt að stöðva notkun, verði hún vör við slíkt, og gera efnin upptæk. Þess í stað er þeim aðilum sem teknir eru með neysluskammta gert skylt að sækja fund hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna þar sem þeim verður boðin fræðsla og aðstoð, en þó verði ekki refsivert ef þeir mæta ekki til boðaðs fundar. Samhliða þessu leggur nefndin til að forvarnarstarf verði stóráukið og meðferðarúrreðum fjölgað. Í skýrslunni er einnig að finna tillögur meirihluta og minnahluta nefndarinnar um mörk neysluskammta en gera má ráð fyrir að þegar tillögurnar koma til kasta þingsins á vormánuðum muni umræðan að miklu leyti snúast um þessi mörk. Framangreint er aðeins lítil hluti af því sem nefndin tók til skoðunar og getið er um í skýrslunni.

Til stóð, í kjölfar setningu laga nr. 48/2020 um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (neyslurými), að skilgreina í reglugerð hvað teldist vera neysluskammtur sem notendum væri heimilt að bera á sér til notkunar í neyslurými. Reglugerðin hefur enn ekki litið dagsins ljós. Við samningu reglugerðarinnar þótti erfiðleikum bundið að skilgreina hvað teldist neysluskammtur og mun því ekki verða öðruvísi háttáð þegar tekið verður til skoðunar við hvaða mörk beri að miða að því er varðar afgangavæðing neysluskammta.

Hvað varðar áform um að heimild lögreglu til upptöku nái ekki til þeirra efna sem séu í vörslu einstaklinga yfir 18 ára aldri þegar magn efnanna er innan þess sem talist getur til eigin nota að þá tekur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu undir það mat sem fram kemur í umsögn ríkissaksóknara, dags. 14. nóvember 2019, við frumvarp um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (afglæpavæðing vörslu neysluskammta) á 150. löggjafarþingi 2019-2020, 23. mál. Þau efni sem falla undir lög nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og finnast á íslensku forráðasvæði eru þangað komin eða tilkomin á ólögmatan hátt og því verði að gera þau upptæk.

Verkefni sem þetta er eins og áður segir viðamikilið. Hvetur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu því til þess að farið verði í heildstæða stefnumótunarvinnu, og bendir á þá vinnu sem norsk stjórnvöld hafa farið í gegnum undanfarin ár, til undirbúnings og heildarendurskoðunar á fyrirhuguðum breytingum áður en frumvarp um breytingu á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni verður lagt fram.

Fyrir hönd lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu,

María Káradóttir
aðstoðarsaksóknari

¹ NOU 2019:26 Rusreform – fra straff til hjelp, <https://www.regjeringen.no/no/dokumenter/nou-2019-26/id2683531/>